

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 176/2003 um Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands.

1. gr.

Annar málslíður 5. gr. um stjórn breytist og hljóðar svo:
Formaður stjórnarinnar er skipaður skv. tilnefningu rektors en aðrir stjórnarmenn án tilnefningar.

2. gr.

Annar málslíður 9. gr. um forstöðumenn fræða- og háskólasetra breytist og hljóðar svo:
Forstöðumaður er ráðinn af stjórn setursins, sbr. 3. mgr. 3. gr., í samráði við stjórn Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands. Hlutfall starfs forstöðumanns milli stjórnsýslu og akademísku starfs er ákveðið í samráði við stjórn Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. um ársfund.
Í stað orðsins „haustmánuðum“ í 2. ml. 1. mgr. kemur vormánuðum.
Þriðja mgr. breytist og hljóðar svo:
Ársskýrsla stofnunarinnar og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs skulu liggja frammi á fundinum.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

Háskóla Íslands, 10. maí 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.